

## Stjórnarfundur no 7, 2012/2013

Þriðjudaginn 20. nóvember 2012 kom stjórn og varastjórn saman til fundar kl. 18.30 í fundarsal félaganna á 3ju hæð í Alþýðuhúsinu. Undirritaðir sátu fundinn.

Þetta gerðist:

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Tilnefning í uppstillinganefnd v/aðalfundar 2013

Samþykkt að Einar Hjartarson, Júlía Sigurjónsdóttir og Kristín Þorgilsdóttir verði í nefndinni.

2. Ráðningarbréf endurskoðenda,

frá Enor ehf dags. 11. október 2012. Bréfið kynnt og Úlfhildi falið að undirrita bréfið sbr. samþykkt aðalfundar 2012

3. Auglýsingar, útgáfa fréttablaðs og upplýsingabæklinga

Samþykkt að veita fé í að leita eftir hugmyndum um að poppa upp auglýsingar frá félaginu og gefa út upplýsingabækling.

4. Árlegur starfsdagur trúnaðarmanna í janúar.

Samþykkt að hafa hann 25. janúar 2013. Skoða efnistöð til að hafa þennan dag.

5. Samþykkt að halda trúnaðarráðsfund 11. febrúar 2013.

6. Aðalfundur FVSA, samþykktur 25. febrúar 2013

7. Opið hús hjá stéttarfélagunum í Alþýðuhúsinu verður 15. desember frá kl. 14.00 til kl. 17.00

8. Samþykkt framlag til Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins og Rauða krossins að upphæð kr. 400.000.-, en þessi samtök starfa sameiginlega að söfnun til bágstaddra fyrir jólin..

9. AN kortið

Eiður Stefánsson kynnti kortið, en innan tíðar fá félagar í stéttarfélagunum innan AN afsláttarkort sem gildir í ýmsum fyrirtækjum og bensinstöðvum.

10. ASÍ- UNG

Bréf frá ASÍ/UNG þar sem þeir tilkynna að þeir ætli að halda fundi með öllum landssamböndum til að koma sínum félögum á framfæri.

11. Önnur mál

Samþykkt að taka Kötluholt á leigu næsta sumar þrátt fyrir hækkaða leigu.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Hildur Tryggvadóttir  
Anna María Elíasdóttir, Árni Friðriksson.

Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.